

SKÓGARVÖRDURINN Á SUÐVESTURLANDI:
=====

S T A R F S S K Ý R S L A 1 9 6 0.
=====

Skógarvörður á Suðvesturlandi.

STARFSSKÝRSLA 1960.

Girðingar:

Girðingum Skógræktar ríkisins í Suðvesturlandsumdæmi var öllum haldið við eins og nauðsyn krafði. Hafin er undirbúningar að mikilli endurbót á girðingunni í Haukadal. Verður tekinn fyrir fyrst kaflinn frá Grjótá og austur Skyggnisheiði, en á þeim er hún orðin mjög lítilfjörleg. Var efni flutt áustur í haust í þessa endurbót.

Gróðursetning:

Á skóglendi Skógræktar ríkisins og á hennar vegum var gróðursett sem hér segir:

1) Haukadalur (um vorið):

2000 rauðgreni N-Helgeland 2/2 Tum.

8000 sitkabastarður Lawing 2/2 " 2043.

Í tilraunareit: (plöntur úr Fossvogi)

500 lerki (*Larix laricina*) Port Hope Simpson

100 lerki (líklega Leningrad)

25 balsam þinur (seðill 520) Salmonier, Avalon Pen.

New-Foundland

100 " " (seðill 522) Bonne Bay, " " "

200 Stafafura (540-122-45) Wylie

50 fjallapinur (seðill 532) Wylie

*7 seðillir néðan vega 1
(á milli Skóglenda).
Á milli vör eldri gróður-
seðillir néðan hennar*

2) Haukadalur (í ágúst):

9000 rauðgreni 2/3 N-Helgeland, Fossv. 1012. 1014.

Laugarvatn:

500 rauðgreni 2/2 N-Helgeland Tum.

500 " " 2/2 Sör-Helgeland, Tum.

5000 sitkabastarður 2/3 Lawing, "

4500 sitkagreni 2/3 Cordova, "

Í reit V- Íslendinga Þingvöllum:

1000 sitkagreni 2/3 Cordova Tum.

*7 Fuvulundum:
1000 sitkagreni 2/3 Cord*

Í Straumsgirðingu:

450 bergfura 2/2 Fossv.

350 skógarfura 2/2 Troms, Fossv.

1550 sitkagreni 2/2 Cordova, Tum & Fossv.

50 stafafura 2/2 Skagway, Fossv.

- 1) Í Haukadál var gróðursett í svæðið neðan vegar (innan Svartagils) innan við eldri gróðursetningu og neðan hennar um vorið.
- 2) Um haustið var endurbætt gróðursetningin frá haustinu 1959 út undir girðingu ofan efra furubeltis og einnig bætt í nokkurar gamlar eyður milli beltanna.

Á Laugarvatni var gróðursett austan og ofan Stekkjartúns. Þar og í Haukadál var gróðursett í grisjaðar rásir.

Í Straumsgirðingu gróðursettu landnemar að mestu sjálfir.

Vegagerð í Haukadál:

Haldið var áfram með vegagerð um Hlíðar í Haukadál. Var nú ruddur vegur með jarðýtu Skógræktarinnar frá því sem frá var horfið í ágústmán. 1959 undir Kolabrekkum inn yfir báða Kjafta nokkuð ofarlega og þaðan alla leið inn fyrir Litlu-Grjótá á Selheiði. Af þessum vegi var ruddur og lagður vegur ofan hlíðina austan við Innri-Kjaft niður á milli gilja rétt austan Brennigils frá hjá Seltóftinni. Farið er yfir Brennigil á gamla vaðinu og heim móaröndina að gömlu húsatóftunum við Beiná neðar gamla vaðs. Þar er Beiná brúuð með tunnum og síðan ruddur vegur heim um Tortutún fram með kirkjugarðinum og á kirkjuveginn. Alls voru ruddir um 4,7 km af nýjum vegi í Haukadál en auk þess lagfært verulega af eldri vegi á nokkur hundruð metrum.

Borið var ofan í allan hringveginn um 4.3 km, og auk þess um tæpan km af veginum innan við Kjafta. Mölin var öll tekin á sama stað í malarhól vestan við Vestri Kjaft. Var þar útbúin hár pallur með jarntrekt, þar sem bílarnir stóðu undir. Jarðýtan ýtti síðan mölinni fram í hana og rann hún síðan sjálfkrafa á bilpallana. Tók aðeins svipstund að fylla hvern bíl. Malarstálið ofan palls var 4 - 5 m að hæð þar sem það var hæst og er barna því é-grynni ofaníburðar. Bifreið Skógræktarinnar L 233 var notuð til ofaníburðar og var leigubílar í 4 - 5 daga.

Tunnur voru notaðar í ræsi í giljum en þau eru mörg.

Skjólbelti:

Sitkagreni og sitkabestarður í skjólbeltin á Gunnarsholti frá 1959 urðu fyrir mjög miklu afalli 1960. Stóð veðrið eftir endilöngu beltinu. Var frost til að byrja með en jörð ber og varð sandskrið mikið svo að skóf nær allt barr af plöntunum. Ég skoðaði skjólbeltið 14. janúar 1960 og voru þá allar plöntur í góðu ásigkomulagi. Um vorið kom í ljós að nokkur hluti greniplantnanna hafði drepist og varð að endurnýja allverulega hluta þeirra.

Á Gunnarsholti var nú gróðursett annað skjólbelti samsíða hinu fyrra en 100 m sunnar er það rifir 600 m að lengd en auk þess voru gróðursett belti til endana á milli þeirra, þannig að samtals var lengd skjólbelta í Gunnarsholti gróðursett árið 1960 800 m. Í fyrra var gróðursett í 600 m þannig að alls eru komnir þarna 1400 metra löng skjólbelti. Niðurröðun plantna var hin sama og á síðastliðnu ári nema að nú var birki alveg sleppt.

Við Elliðavatn var haldið áfram með smátílaun.

Aðstoðað var við hirðingu skjólbeltisins að Hvítárbakka, Hvanneyri og Gunnarsholti. Beltið á Hvítárbakka er nú komið yfir örðugasta hjallann. Þar var þorinn að tilbúin áburður í sumar. Á Þórustöðum hefir bóndinn Pétur Guðmundsson séð um alla hirðingu sjálfur og farist það prýðilega, Kornvöllum hefir hún mistekist.

Í skjólbelti voru gróðursettar þessar plöntur:

	Sitkagr. Mac leod 2/2/3	Þingvíðir	Viðja	Alls
Gunnarsholt	2.500	2.000	1.330	5.830
Ellidavatn	200	200	200	600
	-----	-----	-----	-----
	2.700	2.200	1.530	6.430

Ferðalög:

Ég fór margar ferðir vegna leiðbeininga og starfa í skóglendum Skógræktarinnar á Suvesturlandi. Og vegna skjólbeltilrauna fór ég einnig um Borgarfjörð og Rángarvallasýslu.

Reykjavík 28/2 1961

Einar G. E. Sæmundsen